

Réttlæti er krafan, látum ekki hunsa okkur!

Landssamtök eldri borgara krefjast þess að stjórnvöld komi **strax** til samstarfs við gerð aðgerðaáætlunar til að leiðrétta kjör eldra fólks, sérstaklega þeirra sem búa við verstu kjörin.

Landssamband eldri borgara skorar á samtök launafólks **að gera kjör eldra fólks að sínum** og tryggja að það búi við fjárhagslegt öryggi.

Það stýttist í Alþingiskosningar og fjöldi þeirra sem eru 60 ára og eldri er rúmlega 70.000 manns. Mikilvægt er að félög eldri borgara verði virk og hefji nú þegar undirbúning kosninga og eigi samtál við stjórnmalaflokkana og Alþingismenn um allt land.

Látum engan komast upp með að hunsa okkur! Saman erum við **sterkt afl**, við greiðum meira til samfélagsins en það leggur til vegna okkar.

Réttlæti er krafan, ekki innantóm loforð. Nú þarf að tryggja að orð standi!

Það dugar ekki að segja eitt og gera svo ekki neitt.